



Fréttatilkynning
22 November 2024 15:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 26. nóvember

Íslandsbanki verður með útboð á nýjum sértryggðum skuldabréfaflokki, ISB CBI 32, þriðjudaginn 26. nóvember 2024.

ISB CBI 32 er nýr verðtryggður skuldabréfaflokkur sem ber fasta verðtryggða vexti með árlegri vaxtagreiðslu. Lokagjalddagi er 3. desember 2032.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Bankinn áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 3. desember 2024.

Verðbréfamíðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 26. nóvember 2024.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 26. nóvember](#)